

Nr.1 Grænfánfundur, skólaár 2023-2024

Eyrabakki 22.sept. Kl 12.40-13.00

Mættir: 2 Kennarar og 11 börn (elsti árgangur skólans)

Ritari: Eva Björk

Fyrsti grænfánafundurinn var í gær fimmtudag 22.sept. þegar elstu börnin hittust á Merkisteini.

Öll börnin sátu við hringborð ásamt tveimur kennurum. Við byrjuðu að útskýra fundarreglur sem eru; að sitja róleg, hlusta á aðra og rétta upp hönd. Við skoðuðum grænfánann og ræddum um merkingu hans.



Græni liturinn

Græni liturinn minnir á græna gróðurinn sem er forsenda alls lífs á jörðinni. Í plöntum eru grænkorn sem vinna orku úr vatni, lofti og steinefnum með orku sólar. Allar aðrar lífverur eru háðar gróðrinum. Það er því mikilvægt að vera minntur á græna litinn.

Hvíti hringurinn

Hvíti hringurinn minnir á sólina og jörðina. Jörðin er heimili okkar og allra annarra lífvera sem vitað er um. Það er bara til ein jörð. Annars staðar getum við ekki búið. Og ef ekki væri fyrir sólina væri hér ekkert líf.

Bláa og hvíta bókinn

Blái og hvíti liturinn í bókinni minna á loft og vatn, hreint loft og vatn sem eru líka lífsnauðsynjar sem við verðum að fara vel með.

Bókin minnir á að við vitum ekki alltaf allt. Við þurfum stundum að læra eitthvað og þá getur verið ágætt að lesa um það eða skoða af því myndir.

Bláa blaðsíðan vinstra megin getur einnig táknað fortíðina og það sem við vitum nú og höfum lært. Hvíta síðan, hægra megin táknar autt blað, framtíðina, eða það sem við eigum eftir ólært

Við getum öll haft áhrif á framtíðina og ákveðið í sameiningu að skrifa eitthvað fallegt á hvítu síðuna fyrir jörðina, hvert annað og okkur sjálf.

Tréð og maðurinn

Tréð og maðurinn eru ein heild sem minnir okkur á að maðurinn er hluti af náttúrunni og verður að fara vel með hana. Ef við virðum náttúruna og förum vel með hana erum við líka að fara vel með fólk. Tréð minnir svo auðvitað líka á gróðurinn.

Rætt var um þema Grænfánans sem er 2 ár í senn og var ákveðið síðasta haust með elsta árganginum. Þemað er áttthagar og landslag [Áttthagar og landslag - Landvernd](#) og lýðheilsa [Lýðheilsa - Landvernd](#).

Við skoðuðum gátlistana sem voru fyllt út síðasta haust og ræddum hvað við ætlum að leggja áherslu á og hvort þau höfðu fleiri hugmyndir (réttu upp hönd) um hvað við gætum skoðað í bænum okkar og hvernig við getum gert það.

- Skoða sveit- fara í rútu
- Skoða veiðisafnið- ganga saman
- Skoða draugasafnið- en ekki allir jafn spenntir því það væri rosa draugalegt að fara þangað og þau gætu orðið hrædd.

Í lokin spurði kennarinn hvort þau vita afhverju við viljum flagga grænfánanum?

- Við viljum vera góð við náttúrunna
- Ekki henda rusli úti
- Ekki henda dóti úti
- Vera góð við tré
- Ekki rífa upp öll blóm og lifandi tré

Fundi slitið 13.00